

# Loftgæði á Íslandi

Samantekt úr ársskýrslu 2022



## Yfirlit og samantekt

Styrkur loftmengunarefna var í flestum tilvikum innan leyfilegs fjölda skipta yfir heilsuverndarmörkum efnanna á mældum stöðum á landinu árið 2022. Þó fór köfnunarefnisdíoxíð ( $\text{NO}_2$ ) oftar yfir mörk en leyfilegt er á Grensásvegi í Reykjavík þegar sólarhringsmeðaltalsstyrkur er skoðaður og ársmeðaltalsstyrkur brennisteinsvetnis ( $\text{H}_2\text{S}$ ) var lítillega yfir mörkum í Reykjahlíð á Mývatni og Hveragerði.

Almennt hefur ársmeðaltalsstyrkur grófs svifryks ( $\text{PM}_{10}$ ) lækkað frá upphafi mælinga eða hann haldist nokkuð stöðugur. Undantekning er þó í Dalsmára, Kópavogi þar sem hann hefur aukist lítillega.

Almennt hefur ársmeðaltalsstyrkur fíns svifryks ( $\text{PM}_{2,5}$ ) lækkað frá upphafi mælinga eða hann haldist nokkuð stöðugur.

Almennt hefur ársmeðaltalsstyrkur köfnunarefnisdíoxíðs ( $\text{NO}_2$ ) lækkað frá upphafi mælinga eða hann haldist nokkuð stöðugur. Þó hefur hann hækkað í Hvaleyrarholti í Hafnarfirði, Dalsmára í Kópavogi og Norðuhellu í Hafnarfirði.

Almennt hefur ársmeðaltalsstyrkur brennisteinsdíoxíðs ( $\text{SO}_2$ ) haldist nokkuð stöðugur frá upphafi mælinga en hann hækkaði þó á flestum stöðvum árin 2014 og 2021 sem má rekja til eldgosa. Einnig hefur hann hækkað í Grindavík og á Kirkjubæjarklaustri frá árinu 2021.

Almennt hefur ársmeðaltalsstyrkur brennisteinsvetnis ( $\text{H}_2\text{S}$ ) haldist nokkuð stöðugur frá upphafi mælinga en hefur þó hækkað lítillega í Reykjahlíð á Mývatni og Hveragerði.

Tafla 1 - Helstu loftmengunarefni og staða mælinga miðað við heilsuverndarmörk.

Efni	Heilsuverndarmörk			Hversu oft var farið yfir árið 2022?	Undir heilsuverndarmörkum?
	Meðal-tími	Mörk [ $\mu\text{g}/\text{m}^3$ ]	Hversu oft má fara yfir?		
Gróft svifryk $\text{PM}_{10}$	24-klst	50	35x á ári	13x á Strandgötu Akureyri, 6x í Húsdýragarði, Reykjavík 4x á Grensásvegi, Reykjavík, 4x í Dalsmára Kópavogi, 2x á Norðurhellu, Hafnarfirði	✓
	Ár	40		Undir ársmeðaltali	✓
Fínt svifryk $\text{PM}_{2,5}$	Ár	20		Undir ársmeðaltali	✓
Köfnunarefnisdíoxíð $\text{NO}_2$	1-klst	200	18x á ári	1x á Grensásvegi, Reykjavík	✓
	24-klst	75	7x á ári	1x í Dalsmára, Kópavogi 11x á Grensásvegi, Reykjavík	Yfir á Grensásvegi
	Ár	40		Undir ársmeðaltali	✓
Brennisteinsdíoxíð $\text{SO}_2$	1-klst	350	24x á ári	Fór aldrei yfir á neinum stöðvum	✓
	24-klst	125	3x á ári	Fór aldrei yfir á neinum stöðvum	✓
Brennisteinsvetni $\text{H}_2\text{S}$	24-klst	50	3x á ári	1x Grindavík 1x Norðlingaholt	✓
	Ár	5		Reykjahlíð og Hveragerði yfir ársmeðaltali	Yfir í Reykjahlíð og Hveragerði

